



Til: jonas.ketilsson@os.is, maria.gudmundsdottir@os.is
Efni: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn Þörungaverksmiðjunnar um heimild til að vinna úr og nýta heitt vatn á Reykhólum
Upplýsingar: Sent: 27.02.2018 16:44:15 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020007, Bréfalyklar: 42-0 Umsókn um heimild til að vinna úr og nýta heitt vatn á Reykhólum almennt

Tilvísun í mál: 2018020007

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Þörungaverksmiðjunnar hf. um leyfi til nýtingar á jarðhita á Reykhólum. Fram kemur að Orkustofnun lítur svo á að umsókn verksmiðjunnar sé innifalin í umsókn Orkubús Vestfjarða sem áður hefur verið sótt um.

Náttúrufræðistofnun gerði ekki athugasemdir við áframhaldandi nýtingu Orkubús Vestfjarða á jarðhita úr borholum sem þegar voru til staðar í landi Reykhólahrepps, sjá bréf til Orkustofnunar dags. 10. ágúst 2017.

Með núverandi umsókn fylgir mynd, dags. 7. febrúar sl., sem sýnir drög að „Leyfissvæði“ með leyfisnúmer OS02018-L00X-01. Svæði það sem er sýnt nær vel inn á verndarsvæði Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995. Að mati Náttúrufræðistofnunar kemur ekki skýrt fram í umsókninni, nema stofnuninni hafi yfirsétt það, hvað hugsanlega verði heimilt innan leyfissvæðisins. Er hér eingöngu verið að afmarka jarðhitageyminn/jarðhitakerfið eða er einnig sótt um að mega t.d. bora á öllu svæðinu þ.m.t. í fjörunum sem eru á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við nýtingu á heitu vatni innan umrædds svæðis hafi það ekki för með sér ofnýtingu á heitavatnsauðlindinni að mati Orkustofnunar. Náttúrufræðistofnun leggst hins vegar gegn því að leyfissvæðið nái fram í sjó, eins og það er sett fram, ef það þýðir að gert sé ráð fyrir að þar megi jafnframt leita eftir heimild til borunar. Eftir því sem Náttúrufræðistofnun veit hefur ekki verið kannað hvaða umhverfisáhrif geta orðið af borun á fjörusvæðinu / verndarsvæðinu séu uppi hugmyndir um það og því ótímabært að opna á það.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Beiðni um umsögn um umsókn Þörungaverksmiðjunnar um heimild til að vinna úr og nýta heitt vatn á Reykhólum

Málsnúmer: 2018020007
Númer skjals:
Skráð: 12. febrúar 2018
Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:
Dagsetning skjals:
Staðsetning skjals:
Fyrirtæki: Orkustofnun
Nafn: Jónas Ketilsson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu
Geymslustaður skjals:

Beiðni um umsögn um umsókn Þörungaverksmiðjunnar um heimild til að vinna úr og nýta heitt vatn á Reykhólum

Viðhengi:

[attachment "20180212132458308.tif" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]